

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1416****2016/EES/19/21****frá 20. ágúst 2015****um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Notkun natríumbísúlfats var leyfð til tíu ára fyrir gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til mannelis með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2012 <sup>(2)</sup>.
- 3) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir natríumbísúlfati. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Umsóknin varðar leyfi fyrir natríumbísúlfati, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 11. október 2011 <sup>(3)</sup> og 22. maí 2014 <sup>(4)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi natríumbísúlfat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun þess teljist áhrifarík sem rotvarnarefni og syrustillir fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferð til að greina fôðuraukefnið í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á natríumbísúlfati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og er tilgreint í I. viðauka, er leyft sem aukefni í föður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2012 frá 16. febrúar 2012 um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fôðuraukefni fyrir gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til mannelis (Stjtið ESB L 46, 17.2.2012, bls. 33).

<sup>(3)</sup> *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2415.

<sup>(4)</sup> *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3731.

*2. gr.*

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“ og er tilgreint í I. viðauka, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. ágúst 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

I. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafórmula, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með rakainnihald	með 12% rakainnihald		
<b>Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: rotvarnarefni</b>									
1514ii	—	Natrium- bisúlfat	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Natriumbisúlfat: <math>\geq 95,2\%</math> <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Natriumbisúlfat CAS-nr. 7681-38-1 NaHSO<sub>4</sub> Na 19,15% SO<sub>4</sub> 80,01% Framleitt með efnaemiði <i>Greiningaraðferð</i> (1)</p> <p>Ákvörðun natriumhýdrógensúlfats í föðuraukefnum: Titrunarmæling sem byggist á að ákvarða heildarmagn leysanlegs súrinnihalds í natriumbisúlfati út frá staðlaðri natíumhýdroxíðlausn.</p>	Allar dýrategundir aðrar en ketur og minkar  Ketir  Minkar	—	—	4 000  20 000 10 000	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Várðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarörnn, augnhlífur og hliðvarhanska.</p> <p>3. Heildarinnihald natriumbisúlfats má ekki fara yfir leyfilegt hámarks magn í heilfóðri sem fastsett er fyrir hverja viðkomandi tegund.</p>	10. september 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofnunar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

## II. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainihald	rakainihald		
11514ii	—	Natrium- bisúlfat	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Natriumbisúlfat: <math>\geq 95,2\%</math> <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Natriumbisúlfat CAS-nr. 7681-38-1 NaHSO<sub>4</sub> Na 19,15% SO<sub>4</sub> 80,01% Framleitt með efnafræði <i>Greiningaraðferð</i> (1)</p> <p>Ákvörðun natriumhýdrógensúlfats í fæðu- aukefnum: Titrarmæling sem byggist á að ákvarða heildarmagn leysanlegs súru- innihalds í natriumbisúlfati út frá staðlaðri natriumhýdroxíðlausn.</p>	Allar dýrategundir aðrar en kettir, minkar, gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis	—	—	4 000	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Varðandi öryggi: við með- höndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífir og hlífðarhanska.</p> <p>3. Heildarinnihald natriumbisúlfats má ekki fara yfir leyflegt hámarks magn í heilföðri sem fastsett er fyrir hverja viðkomandi tegund.</p>	10. september 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi: slóð tilvísunarrannsóknarstofnunar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>